




Forvarnaráætlun 2024-2026





Heilsuborgin Reykjavík

– Borgin sem ég vil búa í



Verkefnastjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni með aðgerðaráætlun lýðheilsustefnu

1.10 Mótun forvarnaráætlunar 2021–2025

Aðgerð:

Mótuð verði forvarnaráætlun sem undiráætlun lýðheilsustefnu og velferðarstefnu. Vinnsla áætlunarinnar verði á ábyrgð velferðarsviðs en unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og önnur fagsvið borgarinnar. Sérstaklega verði hugað að samhæfingu við menntastefnu, stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu, íþróttastefnu og verkefnum Heilsueflandi samfélags. Áætlunin verði byggð á bestu gögnum og á grundvelli breiðrar samvinnu. Aðkoma íþróttabandalags Reykjavíkur og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum að áætluninni verði jafnframt tryggð.

Meðal annars verði hugað að verndandi þáttum sem áherslu innan forvarnaráætlunar en rannsóknir hafa sýnt okkur að þeir skipta mestu máli varðandi forvarnir meðal barna og unglinga.

Áherslur forvarnaráætlunar verði tengdar skóla- og frístundastarfi borgarinnar og öðru frístundastarfi innan hennar og tryggi borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum.

Hugað verði að hlutverki samráðshóps um forvarnir í forvarnaráætluninni og hvernig megi tryggja umboð hans til að fylgja eftir áherslum og aðgerðum áætlunarinnar.

Á grundvelli forvarnaráætlunar verði unnar forvarnaráætlanir borgarhlutanna sem allar stofnanir borgarinnar og nærsamfélagið innan hvers borgarhluta koma að. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Þá verði einnig kallað eftir samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við útfærslu forvarnaráætlunar.

Allir grunnskólar vinna forvarnaráætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem skulu tengdar forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fagsvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Forvarnaráætlun samþykkt.



Mótun forvarnaráætlunar

- Stofnaður var starfshópur með erindisbréfi
 - Byggt á fyrri forvarnaráætlun og íslenska líkaninu
- Gagnaöflun og hagnýting rannsókna
- Grunnþættir mótaðir
 - Forgangsaðherslur mótaðar
 - Mið tekið af farsæld barna og Betri borg fyrir börn
- Stefnumarkandi spurningum svarað með aðgerðum
- Álitamál tekin fyrir
 - Skipulag og stjórnun forvarna
 - Forgangsröðun verkefna
- Starfshópurinn nær lendingu
 - Enn betri grunnur lagður að þverstofnanalegri samvinnu um forvarnir
 - Líkur á betri samhæfingu og árangri út frá lýðheilsustefnu borgarinnar



Samráð og samstarfsaðilar

- Þátttaka allra fagsviða borgarinnar
- Leitað var samráðs við alla hagaðila
 - Ungmennaráða
 - Starfsfólk félagsmiðstöðva
 - Sérfræðinga
 - Félagasamtaka s.s. íþróttahreyfingarinnar
 - Samstarf sveitarfélaga
- Fyrstu umsagnir bornar undir fagaðila og raunhæfni metin
- Tillit tekið til ytri samstarfsaðila
 - Ríkisstofnanir
 - 3ji geirinn
 - Foreldra

Helstu niðurstöður

- Fögnum fjölbreytileikanum
 - Umhverfispættir
- Góð líðan
 - Lýðheilsuþáttur
 - Virk þátttaka
- Höfnum ofbeldi
 - Unnið gegn öllu ofbeldi, stafrænu, kynferðislegu, einelti ofl
- Verndandi þættir og jákvæð samskipti
 - Samstarf innan og milli borgarhluta, sveitarfélaga, með foreldrum, lögreglu, heilsugæslu og félagasamtökum
 - Fræðsla t.d. vegna kynferðisofbeldis





Skipurit forvarna

